

---

**F U N D A R G E R Ð**

**Fundur:** 73. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.  
**Fundartími:** Mánudagur 13. nóvember 2000, kl. 10:00  
**Fundarstaður:** Rafmagnsveitur ríkisins, Rauðarárstíg  
**Fundarefni:** 1) Breytingar á Nordel skráningu.  
2) Stuðlar um afhendingu raforku.  
3) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:

START: Pétur E. Þórðarson  
Egill Sigmundsson  
Gunnar Haukur Gunnarsson  
Ragnar Emilsson  
Ólafur Pálsson  
Landsvirkjun: Helga Jóhannsdóttir  
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson  
Orkuveita Reykjavíkur: Bjarki Franzson

- 1) JV dreifði uppkasti að nýju B eyðublaði og sagði að hópurnir sem fjallað hefur um Nordel kröfurnar hefði haldið tvo fundi og legði hann til að gerðar yrðu þær breytingar sem fram koma á eyðublaðinu og hópurnir hefði einnig verið sammála um að breyta hinum blöðunum til samræmis. Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða ætla sér þó ekki að skrá þær kerfiseiningar sem eru úti og munu þær veitur þá nota áfram núverandi skráningu á skerðingu. JV sagði að bæta þyrfti við hvort um innmötun eða úttekt er að ræða í skerðingu þar sem nú þarf að fara að skrá einnig skerðingu inn á kerfið. Ákveðið var að breyta "Línuvegir" í "Línustæði". Nokkur umræða varð um önnur atriði en engar frekari breytingar voru gerðar á eyðublöðunum. Samþykkt var að gera þessar breytingar og JV falið að gera áætlun um kostnað við breytingar og senda áætlun til fundarmanna í tölvupósti.
- 2) Farið var yfir greinargerð um stuðla um afhendingu raforku. PEP ætlar að athuga með skerðingu hjá Rarik árin 1997 og 1998 en hún er óvenju lítil þá og sagði JV að það vantaði t.d. alla skerðingu á C skýrslur. PEP og ES lofuðu að

skila gögnum um 1999 fljótlega. RE sagði að gott væri að hafa möguleika á að reikna þessa stuðla og tryggt þyrfti þá að vera að veiturnar gerðu það á sama hátt. Einnig benti hann á að vera með 2 aukastafi í töflu 1. JV sagðist geta látið menn hafa fyrirspurnir til að vinna úr gögnum sem setja mætti inn í uppflettikerfið.

- 3) HJó sagði að næsti fundur í Nordel hópnum yrði á janúar en ný útgáfa af leiðbeiningum kæmi í desember. Nýju reglurnar eiga að taka gildi 1. janúar 2001. Einnig var nefnt að þýða mætti Nordel leiðbeiningarnar og setja á netið en jafnframt þarf að laga okkar leiðbeiningar.

Fleira ekki gert. Næsti fundur í janúar 2001. Fundi slitið kl. 11:10.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: Drög að nýju B eyðublaði til skráningar rekstrartruflana.  
(JV)